

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Fundur 14.feb 2011

3. fundur

Staðsetning: Dísarási 19 í Árbæ, 20:00 – 22:00

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Ómar, Sigurður, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll: Theodór

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fundarröð með þjálfurum

Arnar Bill boðaði þjálfara 5.flokks karla á fund. Jákvað viðbrögð og mættu um 20 þjálfarar og ræddu málefni 5.flokks. Samantekt af fundinum er á heimasíðu félagsins. Ákveðið að halda fleiri fundi og byrja á 5.flokki kvenna og svo hjá öðrum flokkum í kjölfarið.

3. Ávarp á ársþingi KSÍ

Sigurður Þórir og Þórir sátu ársþing KSÍ fyrir hönd félagsins. Formaður hélt ræðu og sagði frá helstu verkefnum félagsins á árinu og þakkaði KSÍ fyrir gott samstarf.

4. Stofnun lávarðadeildar

Hátt í 20 manns mættu á stofnfund lávarðardeildar félagsins. Fyrir hönd stjórnar KPÍ mættu Sigurður Þórir og Þórir á stofnfundinn til að koma lávarðadeildinni af stað og flutti Sigurður Þórir ávarp af því tilefni. Lárus Loftsson tók að sér að leiða starfið og með honum í ráði eru Bjarni Stefán Konráðsson og Hörður Helgason. Varamenn eru Eggert Jóhannesson og Jóhannes Atlason.

5. Fjármál KPÍ

Árgjald AEFCA hefur verið hækkað úr 1200 evrum í 1500. KSÍ hefur samþykkt að greiða félagsgjaldið líkt og undanfarin ár. Landsbanki Íslands styrkir KPÍ sem nemur útlögðum kostnaði við gíróseðla. Fyrir fundinn höfðu 323 félagsmenn greitt árgjaldið.

6. Staðan á þjálfaraferðum til Danmerkur og Portúgals

Kristján og Sigurður hafa rætt við Sigga Ragga og Dag hjá KSÍ vegna hópferðar á U21 mótið í Danmörku. Ákveðið að Kristján haldi áfram samskiptum við fræðsludeild KSÍ um málið. Portúgalferð er fyrirhuguð í tengslum við landsleik Portúgals og Íslands 7. Október. Sigurður Þórir tekur að sér að ræða við portúgalska þjálfarafélagið. Ákveðið að fá íslenska ferðaskrifstofu til að sjá um skipulagningu á flugi, hóteli og rútum.

7. Þjálfaranámskeið með þjálfurum Liverpool næsta sumar

Sigurður sagði frá því að Afturelding hafi lýst yfir áhuga á því að halda þjálfaranámskeið með þeim þjálfurum sem koma í knattspyrnskólann þeirra. Sigurður mun óska eftir upplýsingum um þjálfaramenntun þeirra þjálfara sem koma áður en ákveðið hvort KPÍ verði aðili að þjálfaranámskeiðinu.

8. Önnur mál

- Spurt um póstlista KPÍ en KPÍ er ekki með póstlista og viðkomandi bent á KSÍ sé með póstlista sem sent er reglulega út á.

- b. Umræður um að opna Facebook síðu. Ákveðið að fela Tedda að kanna málið og opna síðu ef gerlegt er.
- c. Siðareglur. Ákveðið að fara aftur af stað með að semja siðareglur fyrir félagið.
- d. Útbúa ritgerðahugmyndir sem nýst geta félaginu og KHÍ, HÍ og aðrir geti haft aðgang að.
- e.

Úlfar Hinriksson
ritari